

274. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 20. FEBRÚAR 2018 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
- 2) Fjármál
 - a) Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs dags.12. febrúar 2018
 - b) Kirkjumálasjóður ársreikningur vegna ársins 2016.
 - c) Kristnisjóður. Flutningur fjárheimildar frá síðasta ári.
 - d) Heildarendurskoðun á reglugerð um Jöfnunarsjóð sókna. Áður á dagskrá 264. fundar hinn 11. apríl 2017.
- 3) Fasteignir
 - a) Fljótsdalshreppur, tilboð í kaup á landspildu úr landi Valþjófsstaðar 1.
 - b) Akraneskaupstaður, aðalskipulag, endurskoðun 2018-2030, beiðni um umsögn.
 - c) Hruni. Lóðarblað fyrir jörðina Berghyl.
 - d) Skálholtsbúið, úttekt skv. ábúðarlögum.
- 4) Málefni Skálholts
 - a) Stjórn Skálholtsstaðar, 43. fundur. 29.01.2018.
 - b) Endurskoðuð fjárhagsáætlun Skálholtsstaðar.
 - c) Brunavarnir Árnessýslu, niðurstöður úr eldvarnaskoðun.
 - d) Skálholt. Deiliskipulagstillaga, umsögn Minjastofnunar.
 - e) Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju, stöðuskýrsla.
 - f) Biskupshús, hugmyndasamkeppni, dómnefndarálit.
- 5) Húsaleigusamningur kirkjumálasjóðs og biskupsstofu.
- 6) Uppstillingarnefnd skv. 18. gr. starfsreglna um kjör til kirkjuþings.
- 7) Starfshópur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar.
- 8) Skálholtsútgáfan. Heimsókn stjórnar og framkvæmdastjóra.
- 9) Erindisbréf framkvæmdastjóra og starfslýsing lögfræðings kirkjumálasjóðs.
- 10) Nýliðun innan þjóðkirkjunnar.
- 11) Önnur mál.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst kl. 9:30. Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands stýrði fundi. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Gísli Jónasson í forföllum séra Gísla Gunnarssonar, séra Elínborg Gísladóttir, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Þorvaldur Víðisson biskupsritari og Guðrún Finnbjarnardóttir ritari kirkjuráðs sem ritaði fundargerð.

2. FJÁRMÁL

- a) *Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs dags. 12. febrúar 2018.*
Tekinn fyrir liður 1. a. Ársreikningur kirkjumálasjóðs. Kirkjuráð ályktar að fjármálahópur vinni tillögur um að snúa við halla sjóðsins. 1.b., tillagan samþykkt. Tekinn fyrir liður 1. c., kirkjuráð ályktar að óskað verði eftir nánari upplýsingum um verkið. Tekinn fyrir liður 2. c. Kirkjuráð vísar til umfjöllunar um lið 2. d. hér að neðan.
 - b) *Kirkjumálasjóður ársreikningur vegna ársins 2016.*
Ársreikningurinn tekinn fyrir og samþykktur. Endurskoðunarbréf hefur ekki borist frá Ríkisendurskoðun. Það verður tekið sérstaklega fyrir þegar það berst.
 - c) *Kristnisjóður. Flutningur fjárheimildar frá síðasta ári.*
Tillagan samþykkt.
 - d) *Heildarendurskoðun á reglugerð um Jöfnunarsjóð sókna. Áður á dagskrá 264. fundar hinn 11. apríl 2017.*
Kirkjuráð ályktar að vinnu við endurskoðun reglugerðarinnar verði framhaldið með það fyrir augum að skýra ákvæði hennar þannig að jöfnunarhlutverk sjóðsins megi rækja með lágmarks umsýslu og framlög hans til nýbygginga og annarra fjárfrekra framkvæmda verði byggð á svo vönduðum stjórnsýsluháttum sem kostur er.
-

3. FASTEIGNIR

- a) *Fljótsdalshreppur, tilboð í kaup á landspildu úr landi Valþjófsstaðar 1.*
Tilboðið lagt fram. Framkvæmdastjóra falið að afla upplýsinga um verðmat á spildunni og svara erindinu.
- b) *Akraneskaupstaður, aðalskipulag, endurskoðun 2018-2030, beiðni um umsögn.*
Kirkjuráð hefur skoðað aðalskipulagsupprátt og greinargerð og felur framkvæmdastjóra að skoða tillöguna í ljósi hagsmuna kirkjumálasjóðs.
- c) *Hruni. Lóðarblað fyrir jörðina Berghyl.*
Kirkjuráð gerir ekki athugasemdir við lóðarblaðið og telur það vera í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn um landamerki jarðanna.

d) *Skálholtsbúið, úttekt skv. ábúðarlögum.*

Kirkjuráð hefur kynnt sér skýrsluna og gerir ekki athugasemdir við hana.

4. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

a) *Stjórn Skálholtsstaðar, 43. fundur. 29.01.2018.*

Tekinn fyrir 3. liður, fasteignamál. Tekinn fyrir liður a. Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við ráðgjafarfyrtæki sem ætlun hefur verið að bjóða í Skálholt til fundar við stjórn staðarins.

b) *Endurskoðuð fjárhagsáætlun Skálholtsstaðar.*

Áætlunin lögð fyrir og samþykkt.

c) *Brunavarnir Árnassýslu, niðurstöður úr eldvarnaskoðun.*

Skýrslan lögð fram. Jafnframt lögð fram umsögn vegna rekstrarleyfis og bréf Skálholtsstaðar.

d) *Skálholt. Deiliskipulagstillaga, umsögn Minjastofnunar.*

Umsögnin lögð fram.

e) *Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju, stöðuskýrsla.*

Stöðuskýrslan lögð fram.

f) *Biskupshús, hugmyndasamkeppni, dómnefndarálit.*

Álitið lagt fram.

5. HÚSALEIGUSAMNINGUR KIRKJUMÁLASJÓÐS OG BISKUPSSTOFU.

Samningurinn lagður fram. Vinnsla hans heldur áfram.

6. UPPSTILLINGARNEFND SKV. 18. GR. STARFSREGLNA UM KJÖR TIL KIRKJUÞINGS.

Samkvæmt starfsreglunum skipar kirkjuráð uppstillingarnefnd þjóðkirkjunnar en kirkjuþing kýs í nefndina til fjögurra ára á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir síðasta kjör til kirkjuþings. Í nefndinni eru níu menn, einn úr hverju prófastsdæmi. Kirkjuráð beinir því til prófata að þeir undirbúi nefndarskipanina, hver í sínu prófastsdæmi. Gætt verði að kynjasjónarmiðum við undirbúninginn.

7. STARFSHÓPUR UM PRESTSSETUR OG AÐRAR FASTEIGNIR ÞJÓÐKIRKJUNNAR.

Skipað var í starfshópinum á 242. fundi kirkjuráðs hinn 12. janúar 2016 að tillögu kirkjubings 2015. Starfshópurinn skyldi skoða ályktun við starfsreglur um prestsetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar í tengslum við stefnumörkun um eignir og eignastýringu. Kirkjuráð beinir því til starfshópsins að hann skili skýrslu um störf sín eigi síðar en á kirkjubingi 2018.

8. SKÁLHOLTSÚTGÁFAN. HEIMSÓKN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA.

Dagskrárliðnum frestað.

9. ERINDISBRÉF FRAMKVÆMDASTJÓRA OG STARFSLÝSING LÖGFRÆÐINGS KIRKJUMÁLASJÓÐS.

Erindisbréfið og starfslýsingin lögð fram. Framkvæmdastjóra og lögfræðingi kirkjumálasjóðs falið að yfirfara texta skjalanna.

10. NÝLIÐUN INNAN ÞJÓÐKIRKJUNNAR.

Lögð fram skýrsla starfshóps til kirkjuráðs frá júlí 2015. Einnig lögð fram samantekt um úrsagnir úr þjóðkirkjunni. Framkvæmdastjóra falið að gera samantekt á stöðu mála í ljósi skýrslunnar og ábendinga skýrsluhöfunda.

11. ÖNNUR MÁL

Önnur mál komu ekki fram. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14.40.
Næsti fundur er áætlaður 6. mars 2018.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Oddur Einarsson,
framkvæmdastjóri kirkjuráðs

Séra Elínborg Gísladóttir

Séra Gísli Jónasson

Svana Helen Björnsdóttir

Stefán Magnússon